

hann greiði málskostnað fyrir undirryjetti, og skal því staðfesta lögregluþingsdóminn, eins og hann er. Á hinn bóginn virðist áfrýjunarkostnaður málsins eiga að lenda á almannafje, þar með talið málfutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í hjeradi hefur verið vitalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 27. júnímánadar.

Nr. 13/1898:

Rjettvísín
gegn
Gísla Gíslasyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Skaptafellssýslu 19. okt. f. á. var hinn ákærði Gísli Gíslason, fyrverandi póstur á Breiðabólstað, dæmdur fyrir póstsvik til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 4X

5 daga og til að greiða allan málskostnað í hjer-
aði, þar með talinn varðhaldskostnað; svo skyldi
hann og greiða hinum skipaða svaramanni sínum,
dbrm. Ingimundi Eiríkssyni, 5 krónur í málsvarn-
arlaun.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða og
af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfir-
dómsins.

Tildrög málshöfðunar þessarar gegn ákærða,
fyrrum pósti Gísla Gíslasyni, eru þau, að nokkuð
af peningum, sem sendir voru sunnanlands með
póstum milli Eskifjarðar og Reykjavíkur seint á
árinu 1895 og snemma árs 1896, hurfu meðan
þeir voru í vörzlum póststjórnarinnar; skal nú
nánara skýrt frá hinum einstöku póstsendingum,
er peningar hurfu úr.

Með pósti þeim, er afgreiddur var frá Borg-
um í Nesjum 28. desbr. 1895, sendi gjaldkeri Bæj-
arhrepps 600 krónur í gulli og seðlum til Lands-
bankans. Póstafgreiðslumaðurinn á Borgum taldi
peninga þessa í pokann og var hann innsiglaður
með signeti pósafrgreiðslunnar þar og signeti eins
heimamanns á Borgum, með því að sendandi hafði
eigi signet sitt með sjer. Eftir skýrslum póstmeist-
arans og bankagjalderans, er við sendingunum
tók, voru fyrirböndin og innsiglin á pokanum, sem
peningasendingin var í, óhöggud, er hún kom til
Reykjavíkur, en þó vantaði 100 kr. af þeim 600
kr., er póstafrgreiðslumaðurinn á Borgum taldi í
pokann. Það er nú að vísu svo, að álita má sann-
að, að 100 kr. af sendingu þessari hafi horfið,
meðan hún var í vörzlun póststjórnarinnar, en hins

vegar eru engar þær sýrslur fengnar að unt sje að gruna hinn ákærða um að vera valdur að þessu peningahvarfi, og sama er um hvarf á 1 pd. sterl. í sömu pósthferð, sem talið er, að hafi horfið úr peningasending frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu til landfógeta.

Aptur í febrúar og marzmánuði 1896 hurfu úr pósthending milli sömu stöðva 120 kr. og eru hin nánari atvik við það hvarf þessi. Í febrúarmánuði 1896 kom verzlunarstjóri Eggert Benediktsson á Papós að pósthafgreiðslustaðnum á Borgum í Nesjum og afhenti pósthafgreiðslumanninum þar 1600 kr. í gulli, er Halldór Jónsson bankagjaldkeri átti að taka við. Sendandi og pósthafgreiðslumadurinn á Borgum töldu peningana og bjuggu um þá eins og fyrirskipað er, og var peningasending þessi rituð í viðtökubók pósthafgreiðslunnar 16. febr. 1896. En með því að pósthstofan í Reykjavík hafði heimtað skýrslu út af vöntun 100 kr. í sendinguna frá Bæjarhreppi, sem áður er getið, kom Eggert 22. febr. næst á eptir aptur að Borgum og kom honum og pósthafgreiðslumanninum saman um, að opna aptur pokann, sem 1600 kr. sendingin var í og telja peningana í votta víðurvíst. Að því búnu og eptir að þeir höfðu gengið frá sendingunni eins og vera bar, var hún látin í pósthflutninginn daginn eptir.

9. marz 1896 var pokinn opnaður í Reykjavík af víðtakanda að víðstöddum pósthmeistara og skrifara hans. Reyndist þá að farið hafði verið í pokann á þann hátt, að fyrirbandið hafði verið skorið í sundur og bundið svo fyrir hann aptur

þannig, að seglgarni var vafið utan um hið sundurskorna fyrirband og þannig faldir endarnir á því, nema hvað sást á annan endann, en hnúturinn á hinu nýja fyrirbandi var falinn í vafningunum. Í pokaun vantaði 120 kr.

Þegar ákærði fór næstu pósthæð frá Prestsbakka til Borga, borgaði hann út 80 kr. í gulli 17. marz 1896. Þetta þótti grunsamt, og það því tremur, sem ákærði ekki gat gjört neina grein fyrir því, hvernig honum hefði innheimzt meiri partur gullsins og sagði að hann gæti ekki munað, hjá hverjum hann hefði fengið hvern pening, því svo mikið af gulli hafi um þetta leyti gengið í gegnum sínar hendur. Ákærði er maður fjelítill og skuldum vafinn, og er því mjög ólíklegt, að hann hafi haft allt þetta gull með frjálsu og það því síður, sem þeim framburði hans, að hann hafi átt talsvert (50 kr.) af gulli geymt í buddu sinni um lengri tíma frá því á nýári, er hnekkt með framburði konu hans og systur hennar.

En þótt þessi peningaútborgun hans 17. marz 1896 sje mjög grunsöm, og það því fremur, sem laun hans sem pósts ekki voru greidd í gulli og enginn í nærsveitunum hefur kannazt við að hafa látið hann fá gullpeninga um það tímabil, sem á leikur, að einum manni undan skildum, sem ljet hann haustið 1895 fá einn 20 kr. pening, — en þar sem 3 menn aðrir hafa kannazt við, að þeir hafi látið kærða fá sinn 10 kr. peninginn hver, þá er ekkert upplýst um, hvort það hafi verið fyrir eða eptir 17. marz 1896 og verður því ekkert á því byggt — og þó allur framburður hans í þessu til-

liti sje á reiki og mjög ótrúlegur, þá virðist þó ekki, að sannanir eða nægar líkur sjeu til þess, að kveða upp áfellingdóm yfir honum að því er þetta peningahvarf áhrærir.

Samkvæmt póstsendingabók póstafgreiðslunnar á Prestsbakka var peningabrjef afgreitt frá Prestsbakka 19. oktbr. 1895. Peningabrjefið var frá Hannesi ritstjóra Þorsteinssyni í Reykjavík og átti að fara til síra Pjeturs Jónssonar brjefhirðingamanns á Kálfafellsstað, og voru í því 42 kr. Þessi sending kom ekki til viðtakanda fyr en í janúar 1896; eptir skýrslu viðtakanda afhenti ákærði honum þá brjefið eitt sjer og færði honum jafnframt afsökun frá póstafgreiðslumanninum á Prestsbakka fyrir drátt á sending brjefsins, sem þá var nokkuð velkt og á 2 lökkum þess ekkert signet, en á hinu 3. »privat«-signet póstafgreiðslumannsins á Prestsbakka. Póstsendingaskrá 19. okt. 1895 frá Prestsbakka til Kálfafellsstaðar hefur ekki komið fram, og á póstsendingaskránni milli sömu stada í þeirri ferð, er brjefið kom fram, er það ekki nefnt. Það er að vísu svo, að talsverðar líkur eru til þess, að nefnt peningabrjef hafi verið í vörzlum ákærða frá því í oktbr. 1895 og þangað til í janúar 1896, er hann skilaði því, og framburður hans að því er þetta brjef snertir er í meira lagi tortryggilegur; en þó eru ekki gegu neitun ákærða fengnar þær sannanir í þessu til-
liti, að honum verði gefin að sök sviksamleg meðferð á því.

Þá er ákærða loks gefið að sök, að hann hafi

á svíksamlegan hátt meðhöndlað peningabrjef með 50 kr. í og eru hin nánari atvik þessi:

Í nóvember 1895 afhenti Þorsteinn nokkur Arason á Reynivöllum brjefhírdingunni á Kálfafellsstað brjef með 50 kr. í, sem átti að fara til Ara nokkurs Arasonar í Reykjavík. Skýrsla ákærða um þetta peningabrjef er þessi. Þegar pósturinn (ákærði) 25. eða 26. nóvember 1895 átti að fara frá Kálfafellsstað, hafi mikil fljótfærni átt sjer stað við póstaðgreiðsluna; brjefhírdingapokanum hafi í flaustri verið dembt ofan í koffort. Á leiðinni frá Kálfafellsstað hafi hann komið að Breiðabólsstað í Sudursveit; þar hafi hann lokið upp koffortinu, er brjefhírdingapokinn var í; hafi þá allt verið komið úr pokanum innan um annan flutning, er ákærði hafði meðferðis, svo sem hvítasykur o. fl. Peningabrjefið, sem hjer um ræðir, hafi verið orðið nuddað og utanáskriptin á þvíólæsileg; hafi hann tekið það og stungið því í vasa sinn, og þar hafi það verið alla leið að Prestsbakka. Þegar þangað var komið, hafi haun gleymt að skila brjefinu af sjer og ekki munað eptir því fyr en hann kom út fyrir túnið, og hafi hann þá ekki nennt að hverfa heim aptur til að skila því af sjer; hafi hann svo farið með brjefið heim til sín og látið það í vasa á kápu sinni, sem hafi hangið í skáp í bæjardyrnum þar, sem hann átti heima. Morguninn eptir að hann kom heim hafi hann bedið Gísla bróður sinn að taka brjefið, ásamt nokkrum smærri brjefum, sem hafi verið í kápuvasanum, og afhenda þau Sigurði Pjeturssyni Oddapósti til flutnings að Prestsbakka. Í febrúar-

mánuði 1896 hafi brjefhirðingamaðurinn á Kálfafellsstað skýrt sjer frá, að peningabrjefið til Ara Arasonar væri ekki komið til skila. Þegar hann kom heim úr ferðinni, hafi hann farið að aðgæta þetta — þó ekki fyr en póstur var farinn á stað frá Prestsbakka suður; hafi hann þá fundið brjefið í kápuvasanum; hann hafi þá rífið það upp og af því umslögin, er hann hafi rífið í sundur. Kveðst hann svo hafa látið önnur umslög um brjefið og farið með það snemma í marz mánuði næst eptir að Geirlandi, og ætlað að koma því á Vigfús borgara Jónsson, sem hafi ætlað til Reykjavíkur, en þegar það hafi ekki orðið, þá hafi Vigfús tengið sjer (ákærða) brjefið aptur, en ákærði hafi seinna í sama mánuði komið því á Sigurð Pjetursson póst; brjefið hafi verið látið í póstflutninginn í brjefhirðingunni í Vík kring um 20. marz. Þess skal hjer getið, að ákærði fór með brjefið opið að Geirlandi, lánaði í þeirri ferð 35 kr. af Vigfúsi, og lokaði brjefinu, sem hann að Vigfúsi áhorfandi taldi peningana í. Það eru komnar fram miklar líkur til, að póstsendingaskrá hafi fylgt þessu brjefi frá Kálfafellsstað, en ákærði þverneitar að hafa orðið var við slíka skrá, sem ekki hefur fundizt, þótt telja megi sannað með vitnisburðum brjefhirðingamannsins á Kálfafellsstað og Helgu Skúladóttur, að brjefið, sem um er að ræða, hafi verið ritað á póstsendingaskrá frá Kálfafellsstað, er það var afgreitt þaðan, svo og að skráin hafi verið látin í flutninginn. Þessi framburður ákærða og öll skýrsla hans um brjef þetta er í mesta máta ótrúleg. Að því fyrst snertir komu

hans að Breiðabólstað, þá er það fullsannað með samhljóða vitnisburði 3 vitna, að ákærði hafi alls ekki þangað komið í það skipti, er hann, að því er hann segir, tók brjefið upp úr koffortinu, og er skýrslu hans hjer að lútandi því alveg hnekkt, og miklar líkur eru til þess að öll frásaga ákærða um flausturs-póstafgreiðslu á Kálfafellsstað, þá er brjefið var sent þaðan, sje uppspuni einn. Þegar nú hjer við bætist, að nægar sannanir virðast vera komnar fram fyrir því, að sögusögn ákærða um, að brjefið hafi verið alla tíð, frá því hann tók það, og þangað til hann fór með það að Geirlandi, í kápuvasa hans, sje ósönn, eins og líka sögusögn hans um, að hann hafi vísað Gísla bróður sínum á brjefið í kápuvasanum, virðist tyllilega hrakin af skýrslu Gísla hjer að lútandi, og þar sem loks vitnisburðir Erlings Filippussonar og Bjarnar Steinssonar um útlit brjefsins, eins og líka skýrsla Vigfúsar Jónssonar eindregið benda til þess, að ákærði hafi farið svíksamlega með optnefnt peningabrjef, þá verður neitun ákærða um svíksamlega meðferð á brjefinu þýðingarlaus gagnvart öllum hinum framkomnu skýrslum og í sambandi við þá játningu hans, að hann hafi tekið brjefið úr pósthlutningnum og rífið sundur umslögin á því og haldið því í hátt á fjórða mánuð, og skilað því, eða innihaldi þess, ekki fyr en eptir að honum var kunnugt orðið, að upp var komið, að brjefið ekki hafði komið til skila. Verður því að dæma ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, fyrir

sviksamlega meðferð á opt umræddu brjefi, og á afbrot hans undir 139. gr. sbr. 145. gr. og 260. gr. hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, að nokkru leyti með skírskotun til 61. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin af undirdómaranum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði hjeradsdómsins, þar með talin málsvarnarlaun í hjerði, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo ber og ákærða að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Þótt staðið hafi all-lengi á prófum í þessu máli, þá er það þó rjettlætt af hjeradsdómaranum, og vottast því að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði, Gísli Gíslason, greiði málskostnað allan, sem af áfrýjun málsins stafar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Halldórs Bjarnasonar, og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum